

Ed.

481. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað framangreinda tillögu og telur nauðsyn bera til að hún nái fram að ganga, enda þegar búið að hækka gjaldið fyrir símtöl og símskeyti, til þess að fá staðist kostnaðinn, sem af tillögu þessari leiðir, án aukinna útgjalda fyrir landssjóðinn.

En þar sem vjer höfum borið fram frumvarp til breytinga á dýrtíðaruppbótum til allra embættis- og sýslunarmanna landsins, og starfsmenn landsímans teljast þar að sjálfsgöðu í, þá leiðir af því, að launaviðbót sú, sem þessum sýslunarmönnum er ætluð samkvæmt þessari tillögu, getur að sama skapi lækkað og dýrtíðaruppbótin hækkar, ef frumvarp vort þar um verður að lögum.

Án þess að nefndin vilji segja neitt alment álit sitt um tillögur landsimastjóra um úthlutun á launaviðbótinni, þá verður nefndin að líta svo á, að engin sanngirni sje í því, að stöðvarnar í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði sæti þeim kjörum, sem þar er stungið upp á, og væntir þess, að stjórnin sjái um, að simafólkið á þessum stöðum sæti líkum launabótum og annarsstaðar að tiltölu, eins og það væri beint í þjónustu landssímans.

Samkvæmt framansögðu leyfum vjer oss því, að því er nefnda þingsályktunartillögu snertir, að leggja fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Í stað síðustu málsgreinar tillögunnar komi:

Engin dýrtíðaruppbót greiðist af launaviðbót þessari, og lækkar hún hjá hverjum einstökum að sama skapi sem dýrtíðaruppbótin kann að hækka frá því, sem hún er nú.

Alþingi, 10. júlí 1918.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
ritari.

M. J. Kristjánsson.

Karl Einarsson.

Hjörtur Snorrason.